



Reykjavík, 22. júlí 2021

R21070132

6600

bb

## Umhverfis- og skipulagssvið

Borgartúni 12-14  
105 REYKJAVÍK

### ***Leirulækur 2 - Laugalækjarskóli - deiliskipulag***

Á fundi borgarráðs þann 22. júlí 2021 var lagt fram bréf umhverfis- og skipulagssviðs, dags. 19. júlí 2021, varðandi tillögu að breytingu á deiliskipulagi Dalbrautarreits vegna Leirulækjar 2, ásamt fylgiskjölum.

Það tilkynnist hér með.

Borgarráðsfulltrúar Samfylkingarinnar, Viðreisnar, Pírata og Vinstri grænna lögðu fram svohljóðandi bókun:

Færانlegar kennslustofur eru gott verkfæri til að bregðast við fjölgun í hverfi sem er annað hvort tímabundin, eða gerist hraðar en fyrirséð var. Þessi lausn hefur verið notuð til margra áratuga og hefur með árunum orðið betri og þróaðari. Þar sem fjölgunin er tímabundin eru slíkar kennslustofur mun betri nýting fjármagns og geta jafnfram risið hraðar en varanlegar byggingar.

Áheyrnarfulltrúi Flokks fólksins lagði fram svohljóðandi bókun:

Fulltrúa Flokks fólksins finnst mikilvægt að horfa til lengri tíma þegar verið er að skipuleggja skólalóðir. Ef horft er til lengri tíma dugar ekki til að stilla upp endalausum færانlegum kennslugámum en orðið „kennslugámar“ er notað til að lýsa þessu í gögnum sem dæmi við sambærilegri tillögu við Nauthólsveg 87. Það er óspennandi hugsun að hver skóli í Reykjavík verði sem bútasaumur í stað þess að byggja almennilegar, fallegar skólabyggingar sem falla vel að umhverfi og öðru skipulagi hverfisins. Fulltrúi Flokks fólksins hefur áhyggjur af framtíð skólamála í Laugardal og Laugarneshverfi. Nú á að stilla upp kennslugámum á lóð Laugalækjaskóla. Margir deila þeim áhyggjum. Fulltrúi Flokks fólksins hefur verið að ræða við íbúa og starfsmenn skólanna í hverfinu vegna framtíð skólamála í ljósi þess að næstu ár verður byggt mikið á svæðinu. Skólanir eru hins vegar sprungnir og það

þarf að gera eitthvað. Fulltrúi Flokks fólksins var að vona að ákveðið yrði að finna varanlega lausn sem færi vel við umhverfið.



Helga Björk Laxdal  
e.u.